



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2011 (24. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 07.10.2011 kl. 12 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæsla Íslands
Jón B. Guðnason	"
Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar boðaði forföll vegna veikinda

Sigurður Thoroddsen stjórnaði fundi í forföllum formanns.

1. Fundargerð síðasta fundar

Sigurður H. Ólafsson skipulagsfulltrúi óskaði eftir að koma að eftirfarandi leiðréttingu á 3. lið síðustu fundargerðar, *Byggingarframkvæmdir og starfsemi á Fálkavelli 1*:

„Ekki hefur verið brugðist við þeim tilmælum sem farið var fram á í bréfinu, en viðræður hafa átt sér stað milli skipulagsfulltrúa og forstjóra ISAVIA ohf um lausn málsins. Skipulagsfulltrúi hafur tekið að sér að kanna þær leiðir sem hægt sé að skoða til að leysa málið.

Tillaga frá skipulagsfulltrúa um lausn málsins verður kynnt innan tíðar.“

Bókunin hljóðar þá þannig í heild sinni:

Lagt var fram bréf skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 06.07.2011, til Björns Óla Haukssonar, forstjóra ISAVIA, þar sem gert er grein fyrir að ekki hafi verið orðið við tilmælum hans um að stöðva framkvæmdir við og notkun færanlegra skrifstofueininga og gáma sem staðsettir höfðu verið án tilskilinna byggingarleyfa á lóðinni Fálkavöllur 1.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði nánar grein fyrir málinu á fundinum. ISAVIA er lóðarhafi að Fálkavelli 1. Ekki hefur verið brugðist við þeim tilmælum sem farið var fram á í bréfinu, en viðræður hafa átt sér stað milli skipulagsfulltrúa og forstjóra Isavia



ohf um lausn málsins. Skipulagsfulltrúi hafur tekið að sér að kanna þær leiðir sem hægt sé að skoða til að leysa málið.

Tillaga frá skipulagsfulltrúa um lausn málsins verður kynnt innan tíðar.

2. Svæðisskipulag Suðurnesja

Farið var yfir athugasemdir sem borist höfðu frá Sigurði Thoroddsen og Guðmundi Björnssyni við drög að greinargerð með Svæðisskipulagi Suðurnesja. Ennfremur komu fram nokkrar athugasemdir frá viðstöddum fundarmönnum.

Ritari skipulagsnefndar mun taka athugasemdirnar saman sem og athugasemdir RUMSK hópsins sem ræddar voru á síðasta fundi og koma þeim til svæðisskipulagsnefndarinnar.

3. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar

Lagt var fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 15.09.2011, til skipulagsfulltrúa þar sem stofnunin bregst við lýsingu og matslýsingu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Stofnunin bendir á nokkur atriði til frekari skoðunar við skipulagsvinnuna en telur að öðru leyti að lýsingin gefi góða mynd af viðfangsefnum aðalskipulagsins og umfangi og áherslum í fyrirhuguðu umhverfismati. Bréfið verður haft til hliðsjónar við vinnslu skipulagsins.

Skipulagsnefndin samþykkti endanlega lýsinguna og heimilaði auglýsingu hennar til almennrar kynningar.

4. Samráðsfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Nokkrir fundarmanna sátu samráðsfund Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál sem haldinn var 06.10.2011.

5. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir stöðu mála varðandi gerð skipulagsreglna fyrir Keflavíkurflugvöll. Gerðar höfðu verið athugasemdir m.a. við að ekki höfðu verið teiknaðir hindranafletir fyrir nýjar flugbrautir og flugbraut sem ekki er í notkun. Málið er í vinnslu hjá skipulagsfulltrúa og innanríkisráðuneytinu.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.